

# Sjávarútvegurinn

Vefrit um sjávarútvegsmál

Útgefandi: Sjávarútvegsþjónustan ehf.

Ábyrðarmaður: Valdimar Ingi Gunnarsson

1. tölubl. 2. árg. Apríl 2002



## **Fiskvinnsluskólinn og saga fræðslumála fiskiðnaðarins**

### **Valdimar Ingi Gunnarsson**

#### **1.0 Inngangur**

Hver atvinnu- og starfsgrein í þjóðfélagsins í dag á sífellt meira undir því komið, að við hana starfi vel menntaðir einstaklingar. Formleg menntun er mikils metinn í dag og fer virðingarstaða í þjóðfélaginu töluvert eftir henni. Til marks um þetta má benda á að í dag skilgreinir einstaklingurinn sjálfan sig að miklu leyti með tilvísun til menntunar sinnar.

Upphaflega lærðu menn til verka hver af öðrum í fiskiðnaði okkar Íslendinga. Börn og unglingar lærðu til verka af þeim fullorðnu vegna náinna samskipta og lítillar verkaskiptingar. Í þessari ritgerð verður ekki fjallað um óformlega menntun í fiskiðnaði heldur tekin fyrir þróun formlegrar menntunar í fiskvinnslufræðum hjá opinberum skólum og stofnunum á Íslandi. Fjallað verður um fræðslumál fiskiðnaðarins fram til ársins 1995 en þá á sér stað mikil endurskipulagning á Fiskvinnsluskólanum. Veruleg fræðslustarfsemi hefur einnig átt sér stað hjá sölusamtökum og öðrum félagsamtökum innan fiskiðnaðarins, en um það verður ekki fjallað í þessari ritgerð.

#### **2.0 Upphaf formlegrar fræðslu í fiskiðnaði**

##### **2.1 Fyrstu námskeiðin**

Fræðsla á sviði fiskiðnaðar í því formi sem við þekkjum í dag hófst með fiskiðnaðarnámskeiðum sjávarútvegsmálaráðuneytisins árið 1947. Fyrsta námskeiðið fjallaði um framleiðslu og gæðaflokkun á fiski til frystingar (Bergsteinn Á. Bergsteinsson 1949). Fram til ársins 1973 sóttu um þúsund manns Fiskiðnaðarnámskeið sjávarútvegsmálaráðuneytisins en Fiskmat ríkisins sá um framkvæmd þeirra fyrir ráðuneytið. Námskeiðin fjölluðu einkum um frystan fisk, hreinlæti, búnað og ferskan fisk. Einnig voru haldin námskeið í saltfiskmati og skreiðarmati. Þátttaka í þessum námskeiðum gat gefið fiskmatsréttindi stæðust þátttakendur tilskilin próf og reyndust hæfir að dómi yfirmatsmanna eða sérstakra trúnaðarmanna Fiskmatsins, að loknum reynslutíma (Ásgeir Ásgeirsson og Jón Þ. Ólafsson 1990). Námskeið þessi voru að jafnaði þrjár vikur og voru bæði bókleg og verkleg (Bergsteinn Á. Bergsteinsson 1957).

Auk fyrrgreindra aðalnámskeiða voru um langt skeið haldin ár hvert fjölmörg svokölluð skyndinámskeið á tímabilinu frá því um 1950 fram yfir miðjan áttunda áratuginn. Tóku þau til hinna ýmsu fiskverkunargreina og voru haldin árlega um allt landið væri þess kostur (Ásgeir Ásgeirsson og Jón Þ. Ólafsson, 1990).

##### **2.2 Tilraunir til stofnunar fiskiðnskóla**

Eftir að fiskiðnaðarnámskeiðin hefjast er ljóst að einstaka menn byrja að huga að framhaldi þessara fræðslumála fiskiðnaðarins. Bergsteinn Á. Bergsteinsson (1957), fiskmatsstjóri benti m.a. á að það væri *“tímabært að stofna fiskiðnaðarskóla, er útskrifaði fiskmatsmenn, verkstjóra eða alla þá, er gegna ábyrgðarstörfum í fiskiðnaði”*

Stofnun fiskiðnskóla var oft rætt á Alþingi, en það var ekki fyrr en 30. apríl 1964 sem samþykkt var þingsályktun um stofnun nefndar til að vinna að þessu máli og skildi nefndin ljúka sínum störfum 10. október sama ár. Ríkisstjórnin lét undir höfuð leggjast að skipa nefnd þessa í tæka tíð og það var ekki fyrr en 27. nóvember 1964 sem þáverandi sjávarútvegsmálaráðherra skipaði fiskiðnskólanefnd (*Frumvarp til laga um Fiskiðnskóla 1970*).

Fiskiðnskólanefnd sat að störfum um tveggja ára skeið. Skilaði hún álitni til ríkisstjórnarinnar í lok ársins 1966 og var aðalniðurstaða nefndarinnar að leggja til við ríkisstjórnina að stofna skyldi sérstakan fiskiðnskóla. Skólinn átti að veita fræðslu í fiskiðngreinum og útskrifa fiskvinnslufræðinga. Til að fá inngöngu í skólann þurftu nemendur að hafa náð 17 ára aldri og hafa gagnfræðapróf eða hliðstæða menntun. Gert var ráð fyrir að skólatími væri full tvö ár, þar af 6 mánuðir verkleg þjálfun í starfandi fiskvinnslu-fyrirtækjum. Nemendur áttu að öðlast undirstöðukunnáttu, bóklega og verklega til þess að geta tekið að sér verkstjórn, eftirlitsstörf, matsstörf, verkþjálfun, vinnuhagræðingu, stjórnun fiskvinnsluvéla og önnur hliðstæð störf í fiskiðnaðinum. Á vegum fiskiðnskólans átti jafnframt að starfrækja námskeið fyrir starfsfólk í ýmsum greinum fiskiðnaðarins á ýmsum verstöðvum landsins (Fiskiðnskólanefnd 1966). Það var ekki fyrr en árið 1968 að sjávarútvegsmálaráðuneytið ákvað að stofna til fiskiðnaðarnámskeiða í húsakynnum Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins er orðið gætu grundvöllur að fiskiðnskóla (Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins 1969).

### **3.0 Fiskvinnsluskólinn**

#### **3.1 Lög um skólann**

Lög um fiskvinnsluskóla eru frá 15. apríl 1971. Lagafrumvarpið var samið af nefnd sem menntamálaráðuneytið skipaði í júlí 1970 til þess að kanna stöðu tæknimenntunar innan skólakerfisins og eðlileg tengsl hinna ýmsu fræðslustiga og gera tillögur um endurbætur í þessum efnum (Sigurður B. Haraldsson 1978). Nefndin grundvallaði tillögur sínar að verulegu leyti á þeim sérfræðilegu álitargerðum sem lágu um málið þ.e.a.s. „Nefndarálitni um fiskiðnskóla á Íslandi” (sjá, Fiskiðnskólanefnd 1966) og álitargerð Sigurðar B. Haraldssonar (1970) „Tillaga um fiskiðnskóla á Íslandi”.

Í lögum nr.55/1971 um fiskvinnsluskóla, 2. gr, segir að “*meginhlutverk skólans skal vera að veita fræðslu í vinnslu sjávaraflla [...] Skólinn skal útskrifa fiskiðnaðarmenn, fiskvinnslumeistara og fisktækna. Kennsla skólans skal miða að því, að:*

- 1. fiskiðnaðarmenn hafi öðlast nægilega undirstöðuþekkingu, bóklega og verklega, til þess að geta annast almenna verkstjórn, gæðaflokkun og stjórn fiskvinnsluvéla;*
- 2. fiskvinnslumeistarar verði, auk þess sem um getur í 1. tölulið, færir um að taka að sér eftirlitsstörf, verkþjálfun, einfalda vinnuhagræðingu og stjórnun;*
- 3. fisktæknar verði, auk þess sem um getur í 1. og 2. tölulið, færir um að annast tiltekin rannsókn- og skipulagsstörf”.*

Lögin hafa aldrei að fullu komist til framkvæmda né þeim breytt þó þörf hafi verið á. Skólinn útskrifaði aldrei fiskvinnslumeistara en aldrei hefur verið boðið upp á slíkt nám við skólann (Gísli J. Kristjánsson 1989). Lögin gerðu ráð fyrir að skólinn skuli staðsettur á Suðvesturlandi. Auk þess að stofnaðir væru fiskvinnsluskólar í Vestmanneyjum, Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landsfjórungum. Þrátt fyrir heimild í lögum var Fiskvinnsluskólinn eini skólinn þar til að

fiskvinnslufræðinám á Dalvík hófst árið 1988 (Trausta Þorsteinsson 1988). Í lög-  
unum var einnig heimilt að stofna til framhaldsdeilda við Fiskvinnsluskólann er m.a.  
veiti viðbótarkennslu í sérgreinum fiskiðnaðarins, svo sem niðursuðu, síldar- og fiski-  
mjölsvinnslu. Framhaldsdeild varð aldrei stofnuð við skólann.

### **3.2 Fyrstu ár skólans**

Skólanefnd tók ákvörðun um að skólastarf skyldi hefjast í október 1971, þrátt fyrir að  
löggin heimiluðu eitt ár til undirbúnings stofnunar og starfsrækslu skólans. Samþykkt  
yfirvalda fékkst fljótlega til að hefja kennslu um haustið í húsakynnum Rannsókn-  
stofnunar fiskiðnaðarins. Þarna var skólinn til húsa í tvö ár en þá flutti skólinn sína  
aðstöðu til Hafnarfjarðar. Tekið var á leigu ein hæð í húsinu að Trönuhrauni 8 fyrir  
bóklega kennslu og var hún innréttuð samkvæmt þörfum skólans. Fyrir verklega  
kennslu var aðstaða hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar leigð sem breytt var í lítið frystihús  
(Sigurður B. Haraldsson 1978).

Inntökuskilyrðin voru þau að nemandinn hafi staðist gagnfræðapróf eða landspróf  
miðskóla ellegar aflað sér á annan hátt hliðstæðrar, bóklegar menntunar. Til að geta  
öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður þurfti nemandinn að hafa staðist próf úr  
fiskiðndeild og auk þess að hafa lokið 11 mánaða skipulagðri starfsþjálfun (*Lög um*  
*fiskvinnsluskóla nr. 55/1971*). Námið tók þrjú ár og úrskrifuðust fyrstu nemendumir  
sem fiskiðnaðarmenn sumarið 1974. Fisktæknar útskrifuðust fyrst frá skólanum vorið  
1976 (Sigurður B. Haraldsson 1978). Í skólanum voru bæði kenndar almennar  
námsgreinar (stærðfræði, efnafræði, tungumál o.fl.) og sérgreinar (matvælagreinar)  
(Sigurður B. Haraldsson 1973). Á þessum árum var vægi almennra greina í bóknámi  
skólans mun meira eða um 80%.

Fiskiðnaðarmenn eða fisktæknar eru ekki iðnaðarmenn með lögvernduð réttindi.  
Sjálfsögð réttindi hafa frá upphafi skólans verið talin að nemendur frá skólanum geti  
tekið að sér gæðaflokkun á fiski, eins og löggin um skólann taka fram. Í grein Sig-  
urðar B. Haraldssonar (1978) skólastjóra Fiskvinnsluskólans kemur fram að á ýmsu  
hafi gengið í þessu sambandi og staðan sú að fiskiðnaðarmenn fái matsréttindi fyrir  
ferskan og frystan fisk strax að námi loknu. Hins vegar viðurkennir Framleiðsluefir-  
lit sjávarafurða enn ekki þekkingu þeirra á saltfisk- skreiðar- og síldarmati og krefst  
sú stofnun meiri þjálfunar á þessum sviðum.

Á árinu 1981 var gerð breyting á lögum um fiskvinnsluskóla frá 1971 þar sem m.a.  
kemur fram að *“til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi*  
*hafa staðist próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 9 mánaða skipulagri starfs-*  
*þjálfun, sem lýkur með prófi eða sérstöku verkefni. Varðandi saltfisk, skreið og salt-*  
*síld skal fara fram sérstakt verklegt próf, sem geti sýnt allhliða þekkingu á meðferð og*  
*mati afurðanna í samræmi við þarfir markaðslandanna”* (*Lög nr. 18/1981 um*  
*breytingar á lögum nr.55/1971 um fiskvinnsluskóla, 3. gr.*).

### **3.3 Tenging skólans við fjölbrautaskólana**

Haustið 1977 var gerð tilraun til að aðlaga námið að fjölbrautarskólakerfinu með því  
að gera Fiskvinnsluskólann að hreinum sérskóla en láta aðra framhaldsskóla um hinar  
almennu námsgreinar. Allt námið var því endurskipulagt og skilgreint nánar. Eftir  
þessa breytingu geta margir nemendur utan höfuðborgarsvæðisins lokið hluta heildar-  
námsins heima fyrir og einnig munu nemendur geta valið mismunandi námsleiðir  
gegnum skólann, td. geta stúdentar tekið stutt en hagnýtt fisktæknánám. Þeir sem eru

25 ára og eldri og unnið hafa a.m.k. 5 ár við fiskvinnslu geta stundað nám við skólann og útskrifast þaðan sem fiskiðnaðarmenn, án þess að þurfa að stunda nám í frumgreinum (Sigurður B. Haraldsson 1978).

Náminu er skipt í bóklegt og verklegt skólanám og starfsnám á vinnlustöðvum. Námsstími er 1 ½ til 4 ½ ár og fer eftir undirbúningi og því að hvaða námslokum er stefnt. Bóklega námið skiptist í sérgreinar, sem kenndar eru í Fiskvinnsluskólanum og almennar greinar (stærðfræði, efnafræði, erlend tungumál o.s.frv.), sem unnt er að stunda í öðrum framhaldskólum. Samkomulag var gert á milli Fiskvinnsluskólans og Fjölbautarskólans í Flensborg um að nemendur sem ætla að leggja fiskiðnám eða fisktækninám fyrir sig, geti numið umræddar frumgreinar í Flensborgarskólanum, fyrst í stað, og verða þær greinar ekki lengur kenndar í Fiskvinnsluskólanum. Ef nám þetta fer fram í öðrum framhaldsskólum, verður það metið með hliðsjón af sambærilegu námi í Flensborgarskóla (Sigurður B. Haraldsson 1978:325).

Til að geta hafið nám í fiskiðndeild skólans þurfti nemandi að hafa lokið 42 einingum í almennum greinum í framhaldsskóla. Verklegt nám undir handleiðslu kennara skólans var samtals 33 vikur. Kennt var í öllum helstu greinum fiskiðnaðar, frystingu, saltfiskverkun, skreiðarverkun og saltsíldarverkun. Auk þess voru 34 vikur í starfsþjálfun í fiskvinnslufyrirtækjum þar sem nemendur þurftu að vinna öll helstu verk. Bóklegt sérnám við skólann náði yfir tvær annir. Þegar þessu var lokið útskrifaðist nemandi sem fiskiðnaðarmaður. (Sigurður B. Haraldsson 1978). Kennsla í fiskvinnslufræðum var tiltölulega lítil hluti af bóklegu námi við skólann á þessum árum þó svo að búið væri að flytja mikið af almennum fögum yfir á fjölbrautaskólastigið. Matvælatengdar greinar s.s. örverufræði og matvælaefnafræði höfðu þó nokkuð mikið vægi.

Til að geta hafið fisktækninám þurfti nemandi að hafa lokið 84 einingum í almennum fögum í framhaldsskóla (Sigurður B. Haraldsson 1978). Bóklegt sérnám var flutt upp í Tækniskóla Íslands og var það þar fram á miðjan síðasta áratug þar til nám við Fiskvinnsluskólann var endurskipulagt.

### **3.4 Umræða um stofnun annarra fiskvinnsluskóla**

Á liðnum áratug hafa komið fram ýmsar þings-ályktunartillögur um fiskvinnslukennslu á ýmsum stöðum landsins á sama tíma og aðstandendur Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði áttu fullt í fangi með að koma einum fiskvinnsluskóla í sæmilegt horf. Eitt sinn var t.d. samið heljarmikið nefndarálit um flutning ríkisstofnana út um land frá höfuðborgarsvæðinu. Fiskvinnsluskólann átti að flytja skv. því til Ísafjarðar (Jónas Bjarnason 1987).

Á þessum árum starfaði skólinn í þremur leiguhúsnaðum í Hafnarfirði. Að sögn skólustjóra voru þrengsli mikil og kennsluaðstaða óhentug og varla um að ræða að koma á neinum breytingum í kennsluáttum eða taka upp kennslu í nýjum námsgreinum (Sigurður B. Haraldsson 1984). Það var ekki fyrr en 1986 að lokið var við byggingu verknámshúss fyrir skólann (Sigurður B. Haraldsson og Snorri Styrcársson 1986).

Dalvíkingar óskuðu eftir að tekið væri upp fiskvinnslunám við Dalvíkurskóla og í framhaldi af því skipaði menntamálaráðherra nefnd um vorið 1987. Nefndin skilaði álitum að liðnu ári og hvatti til að námsbraut í fiskvinnslu yrði sett á Dalvík haustið 1988

(Trausti Þorsteinsson 1988). Í fyrstu var stuðst nokkuð við námsvísi Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði en síðan hefur námið tekið ýmsum áherslubreytingum. Skólinn er nú hluti af Verkmenntaskólanum á Akureyri. Inntökuskilyrði er grunnskólanám, en á fyrsta námsári fer fram almennt nám, en á öðru og þriðja ári er um sérhæft fiskvinnslunám að ræða. Skólinn hefur gert samning við fyrirtæki á staðnum um verklega þjálfun og leiðsögn við nemendur meðan á námstímanum stendur (Anna S. Hjaltadóttir 1996).

Þegar líða tók á níunda áratuginn fór að bera á mikilli gagnrýni vegna hæðgangs í málefnum Fiskvinnsluskólans. Menntamálaráðherra skipaði þá 8. mars 1985 nefnd til að endurskoða lög um fiskvinnsluskóla frá 1971 og til að ganga frá frumvarpi til laga um menntun í fiskiðnaði á framhaldskólastigi. Nefndin hélt marga fundi á árinu 1985, en í árslok það ár fóru að heyrast yfirlýsingar frá sjávarútvegsráðherra um stofnun sjávarútvegsskóla, en menntamálaráðherra tók síðar undir þær hugmyndir (Jónas Bjarnason 1987).

Í janúar 1986 skipuðu sjávarútvegsráðherra og menntamálaráðherra sameiginlega fjögurra manna nefnd til að gera tillögur um stofnun sjávarútvegsskóla. Meginniðurstöður starfshópsins voru m.a. eftirfarandi:

- ?? Stofnaður verði sjávarútvegsskóli í Reykjavík er taki við hlutverkum Stýrimannaskólans í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.
- ?? Stofnað verði fræðsluráð sjávarútvegsins, skipað fulltrúum hagsmunasamtaka, rannsóknastofnana og ráðuneyta, sem verði stefnumarkandi í fræðslumálum sjávarútvegsins (*Skýrsla starfshóps um sjávarútvegsskóla 1986*).

Eftir miklar umræður og störf nýrra nefnda var tillagan lögð fram til þingsályktunar á löggjafarþinginu 1992-93 (Finnur Ingólfsson 1993). Þingsályktunartillagan náði ekki fram að ganga og lögðust m.a. allir skólastjórar þessara skóla gegn þessari tillögu (Björgvin Þ. Jóhannsson o.fl. 1993).

### **3.5 Úttekt á málefnum skólans og endurskipulagning**

Þann 14. nóvember 1991 sendi stjórn Fiskiðnar harðorða ályktun til menntamálaráðuneytis þar sem farið var fram á breytingar á rekstri skólans. Í ályktun Fiskiðnar kom m.a. fram að orðstír skólans úti í fiskiðnaðinum fari hnignandi. Einnig gætir vaxandi óánægju á meðal nemanda í garð skólans og má þar fyrst og fremst rekja til þess að yfirstjórn skólans virðist ekki hafa vald á því sem verið er að gera. Vinnubrögð eru ómarkviss, kennsluaðferðir og námsgreinar gamaldags, þróun engin og léleg nýting á skóladegi (Marteinn Halldórsson 1993).

Á þessum tíma eiga sér einnig stað breytingar á löggildingarmálum matsmanna. Með gildistöku nýrra laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra sem tóku gildi árið 1992, falla úr gildi allar löggildingar um matsmenn. Við afhám þessarar lögverndunar matsmanna töldu nemendur skólans atvinnuöryggi sitt vera skert, sem áður var nánast tryggt í skjóli lögverndunar að þeirra mati (Nefndarálit 1993).

Hinn 11. mars 1992 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að athuga með hvaða hætti mætti efla Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði, svo að hann verði betur í stakk búinn en nú er til að veita fræðslu í vinnslu sjávarfangs. Nefndinni var sérstaklega falið að kynna sér starfsskilyrði og starfsskipulag skólans og hvernig tekst að mennta fólk til

vinnslu sjávarafla með hliðsjón af margþættum og breytilegum vinnsluaðferðum og markaðssetningu sjávarafla (Nefndarálit 1993:3). Nefndin lagði til ítarlega áætlun fyrir skólann um að náminu væri skipt niður í þrjú stig á 5 námsönnum og hvert stig gefi ákveðna færni til starfa í fiskiðnaði. Inntökukröfur væru þyngdar og þess krafist að umsækjandi hafi lokið tveggja ára námi í almennum greinum í framhaldsskóla. Einnig var lagt til að skólinn væri með öflugt námskeiðahald fyrir starfsfólk og stjórnendur í fiskiðnaði.

Framan af var lítið unnið í að koma tillögum nefndarinnar í framkvæmd og það var ekki fyrr en 19 maí 1995 að stofnaður var starfshópur á vegum mennta- og sjávarútvegsráðuneytisins. Hópnunum var ætlað að setja tillögur um nauðsynlegar breytingar á ytra og innra skipulagi Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði. Starfshópurinn var í meginatriðum sammála þeim ábendingum og tillögum sem komu fram í nefndarálitinu frá 1993. Lagt var til að inntökuskilyrðin væru aukin úr 26 námseiningum í framhaldsskóla í 52 námseiningar og námið væri lengt úr einu og hálfu ári í tveggja ára nám (Tillögur starfshóps 1995). Skólinn hóf aftur starfsemi sína haustið 1995 þá höfðu ekki verið teknir inn í skólann nemendur síðan árið 1993. Skólinn er rekinn sem tilraunarverkefni í samvinnu við Flensborgarskóla (Gísli Erlendsson 1995).

## **4.0 Námskeiðahald**

### **4.1 Fiskvinnsluskólinn**

Fyrstu árin eftir tilkomu Fiskvinnsluskólans voru stöðug glímutök við Fiskmat ríkisins og síðar Framleiðslueftirlitið um matsmannanámskeið, sem veittu réttindi til matsstarfa. Sjávarútvegsráðherra skipaði sérstaka nefnd til þess að setja niður deilur milli stofnanna og semja breytingar á lögum (Jónas Bjarnason 1987). Í framhaldi af starfi nefndarinnar eða á árinu 1981 var gerð breyting á lögum nr. 55/1971 um fiskvinnsluskóla þar kom m.a. fram að *“skólinn skal halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsum greinum fiskiðnaðarins [...] Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins eftir því sem við verður komið. Skólinn skal einnig, þegar þörf krefur, halda námskeið til endurmenntunar matsmanna verkaðs sjávarafla, svo og til þjálfunar og menntunar nýrra matsmanna (Lög nr. 18/1981 um breytingar á lögum nr.55/1971 um fiskvinnsluskóla, 1.gr.).*

Árið 1989 var tekinn saman fjöldi útskrifaðra nemanda af þessum námskeiðum. Um 500 nemendur höfðu útskrifast af saltfiskmatsnámskeiðum, um 200 nemendur af skreiðarmatsnámskeiðum, um 160 nemendur af síldarmatsnámskeiðum og um 63 nemendur af ferskfisknámskeiðum (Gísli J. Kristjánsson 1989).

Á árinu 1989 samþykkti skólanefnd Fiskvinnsluskólans að skólinn haldi 2ja til 3ja vikna námskeið er útskrifi matsmenn á sjófrystum fiski. Skiptar skoðanir voru hjá Fiskiðn, fagfélagi fiskiðnaðarins og hluta skólanefndar Fiskvinnsluskólans um fyrirhugað námskeiðahald á vegum skólans (Greinagerð stjórnar Fiskiðnar 1989). Ástæða þess að talið var að námskeiða væri þörf var að mikil fjölgun frystiskipa hafði átt sér stað en löggiltir matsmenn með matsréttindi í frystum fiski voru ekki til staðar til að mæta þörfinni (Kristján Loftsson 1989). Eftir að löggildingar um matsmenn falla úr gildi árið 1992 er ekki lengur þörf á fyrir sjómenn að sækja þessi námskeið til að öðlast réttindi til að vera matsmenn um borð í frystitogurum.

#### **4.2 Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar**

Á árinu 1984 skipaði sjávarútvegsráðherra starfshóp til þess að undirbúa og koma af stað námskeiðahaldi fyrir verkafólk í fiskiðnaði. Á árinu 1985 var hafist handa við tilraunarnámskeið og í framhaldi af því lagði hópurinn til að Fiskvinnsluskólanum sé falið að sjá um starfsfræðslunámskeiðin (Námskeiðanefnd 1985). Þrátt fyrir tillögur nefndarinnar fékk Fiskvinnsluskólinn ekki þessi námskeið. Komið var á fót Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar sem hafði aðsetur í sjávarútvegsráðuneytinu og hóf hún námskeiðahald á árinu 1986. Nefndin er skipuð fulltrúum sjávarútvegsráðuneytis, samtökum vinnuveitenda og Verkamannasambands Íslands. Upphaflega var einungis um að ræða grunnnámskeið fyrir verkafólk í hefðbundinni bolfiskvinnslu en síðar var samið um þessi námskeið sem hluta af kauptryggingarsamningi verkafólks. Fljótlega fjölgaði kennslugreinum og nú er það svo að allir sem hafa kauptryggingarsamning hafa rétt til að sækja námskeið (Fiskvinnslunefnd sjávarútvegsráðherra 1997). Samkvæmt kjarasamningum er markmið námskeiðanna að auka þekkingu starfsmanna á vinnslu sjávarafla og gera þá hæfari til almennra fiskvinnslustarfa. Þau námskeið sem voru í boði á þessum tíma eru:

- ?? Grunnnámskeið fyrir verkafólk í fiskvinnslu (40 klst.)
- ?? Grunnnámskeið fyrir verkafólk í fiskimjölslu (36 klst.)
- ?? Framhaldsnámskeið fyrir sérhæft fiskvinnslufólk (8 klst.)

Starfsfólk sem líkur þessum námskeiðum fær starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður. Árið 1997 bauð Starfsfræðslunefnd upp á 30 mismunandi námskeið (Fiskvinnslunefnd sjávarútvegsráðherra 1997).

#### **5.0 Lokaorð**

Það vekur athygli hve seint formleg menntun innan fiskiðnaðarins hófst hér á landi eða ekki fyrr en árið 1947. Til samanburðar hófst formleg menntun í mörgum öðrum iðngreinum á seinnihluta nítjándu aldar (sjá Helga Elíasson 1946). Sjávarútvegsráðuneytið og stofnanir innan þess ráðuneytis höfðu fyrstu áratuginu umsjón með formlegri menntun í fiskvinnslufræðum og virðist menntamálaráðuneytið lítið hafa komið að þeim málum fyrr en við stofnun Fiskvinnslu-skólans. Fræðslumál fiskiðnaðarins heyra að hluta til ennþá undir sjávarútvegsráðuneytinu þar sem öll starfsemi Starfsfræðslunefndar fisk-vinnslunnar hefur aðsetur sitt í ráðuneytinu.

Mikið hefur verið fjallað um málefni Fiskvinnsluskólans og margar skýrslur hafa verið skrifaðar, en vísað er til stærsta hluta þeirra í heimildum. Frá stofnun skólans hefur hann verið mikið gagnrýndur bæði af forsvarsmönnum í atvinnulífinu og nemendum skólans sem m.a. varð til þess að hann var lagður niður um tíma. Framan af var ófullnægjandi kennsla oft rakin til þess að kennsluástandu skólans væri ábótavant. Á seinnihluta níunda áratugarins fékk skólinn góða verklega aðstöðu, en það virðist ekki hafa breytt tiltrú manna á skólanum.

Fiskvinnsluskólinn hefur tekið allnokkrum breytingum frá því hann var stofnaður. Eftir breytingar sem gerðar voru á honum árið 1977 þegar hann var tengdur við fjölbrautaskólanna, virðist sem slakað hafa verið á inntökukröfum og einnig hefur námið verið stytta.



Útskrifaðir nemendur Fiskvinnsluskólans hafa ekki lögvernduð réttindi eins og al-  
gengt er hjá nemendum sem útskrifast úr öðrum iðnskólum. Menntun nema úr  
skólanum er því ekki metinn að verðleikum nema menn geti sýnt hæfni sína í starfi.

## 6.0 Heimildir

1. Anna S. Hjaltadóttir. 1996. VMA Útvegssvið á Dalvík. *Fiskvinnslan* nr.2:37-41.
2. Ásgeir Ásgeirsson og Jón Þ. Ólafsson. 1990. Fiskmat í 80 ár. *Fréttabréf Ríkis-  
mats sjávarafurða* 5(1).63 bls.
3. Bergsteinn Á. Bergsteinsson. 1949. Fiskiðnaðarnámskeið sjávarútvegsráðu-  
neytisins. *Ægir* 42(1-2):15-17.
4. Bergsteinn Á. Bergsteinsson. 1957. Fiskiðnaðarnámskeið sjávarútvegsráðu-  
neytisins. *Ægir* 50(6):76-77 og 80.
5. Björgvin Þ. Jóhannsson, Guðjón Á. Eyjólfsson og Sigurður B. Haraldsson. 1993.  
Athugasemd við tillögu til þingsályktunar: Ráðgert að leggja niður þrjá höfuð-  
skóla sjávarútvegsins. *Morgunblaðið* 16 mars.
6. Finnur Ingólfsson. 1993. Öflugur sjávarútvegsskóli, forsenda framfara. *Morgun-  
blaðið*. 23 mars.
7. Fiskiðn. 1989. Greinagerð stjórnar Fiskiðnar. *Fiskvinnslan* nr. 3: 11-14.
8. Fiskiðnskólanefnd. 1966. Nefndarálit um fiskiðnskóla á Íslandi. Reykjavík.
9. Fiskvinnslunefnd sjávarútvegsráðherra. 1997. Starfsumhverfi og framtíðarmögu-  
leikar fiskvinnslunnar.
10. *Frumvarp til laga um Fiskiðnskóla*. 1970. 91. löggjafarþing – 11. Mál.  
Flutningsmenn Ingvar Gíslason og Jón Skaftason.
11. Gísli Erlendsson. 1995. Breytingar á rekstri Fiskvinnsluskólans. *Fiskvinnslan* nr.  
2:9-10.
12. Gísli Jón Kristjánsson. 1989. Fræðslumál fiskiðnaðarins. *Ægir* 82(11):589-594.
13. Helgi Elíasson. 1946. Skólamál á Íslandi 1874-1944. Í *Almanaki hins Íslenska  
þjóðvinafélags*. 73. árg. Bls. 70-113.
14. Jónas Bjarnason. 1987. Um fræðslu í fiskvinnslu. *Fiskvinnslan* nr.1:14-19.
15. Kristján Loftsson. 1989. Tilhögun fiskmats á sjófrystum afla. *Fiskvinnslan* nr. 2:  
24-26.
16. *Lög um fiskvinnsluskóla*. nr.55/1971.
17. *Lög nr. 18/1981 um breytingar á lögum nr.55/1971 um fiskvinnsluskóla*.
18. Marteinn Halldórsson. 1993. Fiskvinnsluskólinn – verkmenntarskóli í fiskvinnslu  
framtíðar. *Fiskvinnslan* nr.3:19-21.
19. Námskeiðanefnd. 1985. Starfsfræðsla í fiskiðnaði. Sjávarútvegsráðuneytið.
20. Nefndarálit. 1993. Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði. Menntamálaráðuneytið.
21. Nefndarálit. 1994. Endurskoðun sjávarútvegsnáms. Menntamálaráðuneytið.
22. Rannsóknastofnun fiskiðnarins. 1969. Skýrsla um starfsemi Rannsóknastofnunar  
fiskiðnarins. Reykjavík.
23. Sigurður B. Haraldsson. 1970. Tillaga um fiskiðnskóla á Íslandi. Viðauki við  
*Frumvarp til laga um fiskvinnsluskóla*. bls. 15-22. Lagt fyrir Alþingi á 91.  
löggjafarþingi, 1970-71.
24. Sigurður B. Haraldsson. 1973. *Menntamál matvælaíðnaðarins*. Ráðstefna  
Verkfræðingafélags Íslands (ópr. fyrirlestur).
25. Sigurður B. Haraldsson. 1978. Fiskvinnsluskólinn. *Ægir* 71(8):323-327.
26. Sigurður B. Haraldsson. 1984. Um Fiskvinnsluskólann og þýðingu hans. *Ugginn*  
5(1):27-28.

27. Sigurður B. Haraldsson og Snorri Styrkársson. 1986. Ágrip af sögu Fiskvinnsluskólans. *Nemendatal Fiskvinnsluskólans 1971-1986*. bls. 10-11. Fiskiðn, fagfélag fiskiðnaðarins, Reykjavík.
28. *Skýrsla starfshóps um sjávarútvegsskóla*. 1986. Reykjavík, okt. Einnig í *Ægi* 81(11):535-39.
29. Tillögur starfshóps. 1995. Ytra skipulag Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði. Menntamálaráðuneytið.
30. Trausti Þorsteinsson. 1988. Fiskvinnslunám á Dalvík. *Fiskvinnslan* nr. 3:16-17.